

4. gr.

Skyllt er hverjum húseiganda í Breiðdalsvíkurþorpi að greiða stofngjald kr. 1000.00 fyrir hverja venjulega íbúð um leið og vatn er leitt í hús hans. Árlegur vatnsskattur sé kr. 150.00 fyrir hverja íbúð. Hreppsnefnd ákveður vatnsskatt verzlana og iðnfyrirtækja. Ef fjós eru tengd við vatnsveitukerfið, greiðist kr. 15.00 fyrir hvern stórgrip, sem inni stendur vetrarlangt.

157

16. nóv.

5. gr.

Skyllt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim umbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

7. gr.

Hver sá, er skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir, samkv. mati tveggja dómkvaddra manna og sæta sektum nema þyngri refsing liggji við.

8. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps, nr. 2 frá 6. jan. 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

158

16. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 134 27. júlí 1945, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða flugstöðvar til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öll flugför, sem koma hingað frá útlöndum, skulu lenda fyrst og fá fyrstu afgreiðslu á flugvellið í Reykjavík, flugvellið á Sauðárkróki eða flugvellið við Keflavík, nema þau þurfi að nauðlendi annars staðar, enda sannist í lögreglu-rétti, að um nauðlending hafi verið að ræða.

158 Öll flugför, sem fara héðan til útlanda, skulu leggja síðast upp og fá síðustu
16. nóv. afgreiðslu á einhverjum ofangreindra flugvalla.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. nóvember 1954.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

159

17. nóv.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt og forleigurétt á lóðum í Hvammstangakaupúni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Hvammstangahrepps samþykkt að áskilja Hvammstangahreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupúnsins:

1. Eignar- og leigulóðir Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, sem að sjó liggja, ásamt mannvirkjum.
2. Leigulóðir Sigurðar Davíðssonar, norðan Syðri-Hvammúsár, ásamt mannvirkjum.
3. Fasteignin „Bakki“ með leigulóð, eigandi Bjarni Þorláksson.
4. Fasteignin „Pósthús“ með leigulóð, eigandi Björn P. Blöndal.
5. Fasteignin „Árbakki“ með leigulóð, eigandi Sigurður Bjarnason.
6. Fasteignin „Hvammur“ með leigulóð, eigandi Jón Lárusson.
7. Fasteignin „Móberg“ með leigulóð, eigandi Magnús Guðjónsson.
8. Fasteignin „Melar“ með leigulóð, eigandi d.b. Jóhannesar Eggertssonar.
9. Svonefnd „Gilsbakkalóð“, eigandi Sigurður Davíðsson.
10. Tún sunnan og vestan Gilsbakkalóðar, eigandi Sigurður Davíðsson.
11. Fasteignin „Árnes“ með leigulóð, eigandi Sigurður Tryggvason.
12. Fasteignin „Brekka“ með leigulóð, eigandi Þórhallur Bjarnason.
13. Allar lóðir og fasteignir Sigurðar Pálmasonar.
14. Land Sigurðar Davíðssonar meðfram höfninni norðan „Kúskeljakletts“.
15. Fasteignin „Guðmundarhús“ með leigulóð, eigandi Jóhann Benediktsson.

Samþykkt þess öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.